

75

2. apríl

AUGLÝSING

um viðauka við reglur um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu
1. marz til 1. maí 1943, frá 11. marz 1943.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupum starfsmanna til útsvars-
greiðslu, samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda
um almenna útsvarsinnheimtu.

Reglur þessar, sem settar eru af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, samkvæmt
lögum 26. febrúar 1943, um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til útsvarsinn-
heimtu árið 1943, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1943.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.

Páll Pálmason.

76

2. apríl

REGLUGERÐ

um bann við töku ljósmynda og meðferð ljósmyndavéla.

1. gr.

Bannað er, án leyfis hernaðaryfirvaldanna, að taka ljósmyndir af flugsvæðum,
flugvöllum, byssustæðum, loftvarnastöðvum, strandvarnabyssustöðvum, höfnum eða
skipalægjum (sérstaklega í Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði), herskipum eða
flutningaskipum hersins, loftskeytastöðvum og öllum hernaðarstöðvum svo og af
öllum bannsvæðum hersins, þeim sem nú eru (svo sem í Hvalfirði, Reykjanesi og
Seltjarnarnesi) eða síðar kunna að verða ákveðin.

2. gr.

Sérhver farþegi eða starfsmaður á skipi, sem siglir í íslenskri landhelgi, skal
afhenda skipstjóra, þegar er hann er kominn á skip, eða er skip siglir inn í íslenska
landhelgi, ljósmyndavélar, er hann kann að hafa í vörzlum sínum og skal skipstjóri
geyma þær þar til aðili stígur af skipsfjölni, eða skip siglir út úr landhelgi Íslands.

3. gr.

Inn á bannsvæði herstjórnarinnar á Gróttutanga (Seltjarnarnesi), Hvalfirði og
Reykjanesi, svo og þau svæði, sem síðar kunna að verða auglýst sem bannsvæði, má
enginn fara með ljósmyndavél nema hún hafi verið innsigluð tryggilega af hlutað-
eigandi yfirvaldi (lögreglustjóra, bæjarfógeta, sýslumanni eða hreppstjóra).

4. gr.

Ef maður raskar innsigli á ljósmyndavél, innan bannsvæðis, sbr. 3. gr., þá varðar
það við 113. gr. almennra hegningarlaga, nr 19 12. febr. 1940.

Brot á öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða varðhaldi, ef
miklar sakir eru.